

POKASTÖÐVAR UM ALLT ÍSLAND

FACEBOOK hópar

Við spjöllum helling saman á facebook. Við mælum með að hvert samfélag geri sinn facebook hóp sem getur verið lokaður hópur sem lætur vita af næsta saumahitting o.s.fr. Til dæmis „Pokastöðin Hornafjörður – Plastpokalaus Hornafjörður“ heitir okkar hér á Höfn. Svo erum við með tvo aðra áhugaverða hópa á facebook sem ég mæli með að kíkja á:

- íslenski; <https://www.facebook.com/groups/1794119567503057/>
- alþjóðlegi; <https://www.facebook.com/search/top/?q=boomerang%20bags%20communities>

DROPBOX

Búið er að hann ýmislegt markaðsefni fyrir Pokastöðina ásamt því að íslenska helling af efni frá Boomerangbags.com. Hér er sameiginleg dropbox mappa þar sem hægt er að sækja efni. Guðrún hjá Nýheimum sér um að útbúa logo fyrir þá sem vilja merkja poka. Sem við mælum eindregið með.

- Dropbox linkur:
<https://www.dropbox.com/sh/1fbfujltzbr5e/AADOXGoDfU9LebLlzoJS2VPoa?dl=0>

Dæmi um efni inná dropbox möppu - athugið að efnið er í litlum stærðum hér, mikilvægt er að sækja það inná dropbox. **Hafið samband** ef erfitt reynist að nálgast efnið; gudrun@nyheimar.is

POKA
STÖÐIN
Hornafjörður



ATH: þetta eru bara litlar myndir, endilega fara inná [Dropbox linkinn](#)

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

BOOMERANGBAGS.COM

Hægt er að fara inná bakenda heimasíðunnar þeirra og fá ýmislegt efni á ensku. Við erum þó einnig með fullt af efni íslenskað, sjá dropbox hér að ofan.

<http://boomerangbags.org/boomerang-bags-toolkit/> leyniorð: Boomerang

GOOGLE MAP

Það væri frábært að fá upplýsingar um þína stöð, jafnvel þó stöðin sé enn í vinslu.

- Google map:
<https://www.google.com/maps/d/edit?mid=1gqebTmkCDJNmLoPem8TfhLariRo&ll=64.83148954086904%2C-18.455815711181685&z=6>

MERKINGAR POKA

Teljum við mikilvægt að merkja taupokana með merki verkefnisins til að vekja athygli og áhuga á því. Einnig þannig að fólk læri á vefkennið og hvernig það virkar. Nokkrar leiðir eru til að merkja pokana og verður farið yfir það helsta hér á eftir.

Merki Pokastöðvarinnar, „Borrow and Bring back“ o.fl. má finna inná dropboxi Pokastöðvanna. Logo hvers samfélags er hægt að fá útbúið eins og fyrr segir.

Silkiprentun / Screen printing: Þessi leið hefur verið prófuð á Hornafirði og er mikið notuð í Ástralíu þaðan sem Boomerang Bags kemur. Maður þarf svolítið að æfa sig í þessu og tekur tíma að venjast því að nota silkiprentun og vinna með þetta. Eftir mína reynslu svolítið maus, en örugglega hægt að verða mun betri í þessari aðferð og þá vita þeir hvaða grófleika þið viljið fa ramma.

- ENSO - www.enso.is – s. 517-3800
 - Rammi, skafa, málning, íblöndunarefni (þannig að efnið þorni hraðar þar sem engin hitavél/ofn sér um það) (gróflega áætlað 35-40 þús.)
 - **ATH:** Við gerðum þau mistök að kaupa ramma sem er 40x50 cm, það er aðeins of stórt og ég myndi mæla með að taka minni ramma og seta 2 merkingar í hvern ramma, en ekki 4 eins og hjá okkur.
 - Gott að taka fram að þetta sé vegna Pokastöðvar/Boomerang bags, þeir ættu að muna eftir því verkefni og þá vita þeir hvaða grófleika þið viljið fa ramma.
- Prentsyn – www.prentsyn.is – s. 557-8900
 - Prenta grafíkina á rammann fyrir okkur (Pokastöðin Höfn borgaði tæplega 5000 kr)
- Myndband: <https://www.youtube.com/watch?v=OyqZztEDvOw>
- Silkiprent „tips“; <http://cdn.boomerangbags.org/wp-content/uploads/print-tips.pdf>



Tilbúin merki prentuð á Íslandi: Möguleiki á að láta t.d. Fánasmiðjuna á Ísafirði prenta logoið beint á efni. Fleiri aðilar eins og Áberandi. Einnig er hægt að skoða að láta sauma fyrir okkur merki.

Fánasmiðjan hefur gefið okkur tilboð í merkimiða, sjá tilboð hér:

https://www.dropbox.com/s/d6bkazdae2pe189/Tilbod_fanasmidjan_merkimidar.pdf?dl=0 Þar er meðal annars hægt að kaupa merki úr endurunnum efnum!



Fyrstu skref þegar fara á af stað með Pokastöð... (engin heilög ráð, bara hugmyndir)

1. Taka ákvörðun um að opna pokastöð.
2. Hafa samband við verslunarstjóra í þeim verslunum sem þú telur að pokarnir eigi að vera
3. Setja af stað grúbbu á Facebook t.d. „Pokastöðin Húsavík“
4. Skrifa inn lýsingu á verkefninu á grúbbuna svo fólk sem fer í hana veit um hvað málið snýst..
5. Adda fólki í hópinn sem þú telur hafa áhuga – mæli frekar með að reyna að fá fólk til að melda sig sjálf, ekki fylla hópinn af „óáhugasömum“ aðilum
6. Auglýsa eftir gömlum efnum og bolum
7. Auglýsa saumahitting og byrja að sauma
8. Búa til körfu eða fá lánaða í búðinni, prenta út plagött til að hafa með og kynna verkfenið
9. Fylla körfuna af pokum
10. Hittast aftur og sauma meira.. hér á Höfn erum vði að hittast vikulega, karfan er mjög vinsæl svo það virðist ekki veita af amk. 2 í mánuði
11. Hafa sambönd við staðarblöð og óska eftir kynningu á verkefninu
12. Hittast og sauma.... aftur og aftur og aftur – bara gaman, alvöru saumaklúbbur!!

Fleiri dæmi um íslenskað efni sem finna má á dropbox möppu:



Pokastöðin er drifin áfram af samfélagskrafti þar sem plastmengun er tæluð af grasróttinni.

Áhugasamir sjálfbærir, skólar og ýmsir hópar hittast og sauma saman fjölnota taupoka með efni sem annars hefði fallið til sem leið til þess að bjóða uppá sjálfbærni kost í stað plastpokans.

TAKTU ÞÁTT!

Vit viljum gjarnan þjóna aðbúð sjálfbærni þúkast til að aðstoða við að sniða efni, efnaða, sauma og merkja poka. Aðrar ástundir veittar og saumarættu ekki krafist.

Hvenær: Fimmtudagurinn 1. júní kl. 15-18:30

Hvar: Vöruhúsið, saumastofan 3. hæð

Viltu vita meira eða vera með, hafðu samband: gudrun@nyheimar.is

www.pokastodin.is - www.boomerangbags.org
#Pokastodin #BoomerangBags



POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

BOOMERANG BAGS
KÖRFUR & RINGA POKAR

HVERNIG Á AÐ NOTA POKASTÖÐINA?

Best er að muna eftir þínum eigin taupoka þegar þú verslar. Ef þú gleymir þínum heima, þá getur þú fengið **Boomerang bags** poka lánaðan í Pokastöðinni.

FÁÐU LÁNAÐ & SKILAÐU AFTUR

- 6 Skilaðu pokanum í næstu Pokastöð
- 1 Finndu Pokastöð
- 5 Taktu pokarn með heim
- 2 Fáðu taupoka að láni
- 4 Segðu **NEI** við plastpokum
- 3 Farðu með pokarn í búðina

Boomerang Bags pokarnir eru handúmrir af sjálfbærðum úr endurunnum efnum. Til þess að gefa efni, gamla bol eða til þess að vera með hafðu samband: gudrun@nyheimar.is

www.pokastodin.is - www.boomerangbags.org
#Pokastodin #BoomerangBags